

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

125. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 11. júní 2014 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

## Dagskrá:

1. Skipting fjárveitingar til viðhalds styrkvega.
2. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri greindi frá því að skv. upplýsingum frá Vegagerðinni hafi verið gerð tillaga um að fjárveiting til viðhalds styrkvega í Húnaþingi vestra á árinu 2014 verði kr. 2.000.000- Ekki hefur enn fengist staðfesting á framlaginu frá Vegagerðinni. Þá liggur fyrir að sveitarstjórn úthlutaði kr. 1.500.000- í fjárhagsáætlun ársins 2014 til viðhalds styrkvega. Til viðhalds styrkvega á árinu 2014 eru kr. 3.500.000- til ráðstöfunar.

Eftirfarandi tillaga um skiptingu styrkvegafjárins var samþykkt samhljóða:

- |  |                |
|--|----------------|
| a) Til afréttarvega á Víðidalstunguheiði | kr. 1.500.000- |
| b) Til afréttarvega í Miðfirði           | kr. 1.100.000- |
| c) Til afréttarvega í Hrútafirði         | kr. 450.000-   |
| d) Til vegar yfir Brandagilsháls         | kr. 100.000-   |
| e) Til vegar upp á Vatnsnesfjall         | kr. 150.000-   |
| f) Til vega í fyrrum Bæjarhreppi         | kr. 200.000-   |

Viðkomandi fjallskilastjórnir sjái um framkvæmdir á afréttarvegum hver á sínu svæði. Af gefnu tilefni skal bent á að við framkvæmdir verði ekki farið fram úr fjárveitingum. Sveitarstjóra falið að ráða aðila til að sjá um framkvæmdir á Brandagilshálsi og á Vatnsnesfjalli.

2. Önnur mál.

Í 5. gr. fjallskilasamþykktar Húnaþings vestra kemur fram að fjallskilanefnd skuli veita heimild til upprekstrar að fengnu áliti gróðurverndarnefndar. Rætt var um kostnað vegna skoðunar fulltrúa Ráðunautaþjónustu bænda á gróðurfari afréttarlanda áður en upprekstur búfjár er heimilaður. Fyrri liggur að sveitarfélagið greiddi þann kostnað á sl. ári og leggur landbúnaðarráð til að það fyrirkomulag verði framvegis með sama hætti.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:21